

Notkun heimila og einstaklinga á tölvum og interneti 2008

Use of computers and the Internet by households and individuals 2008

Samantekt Árið 2008 voru tölvur á 92% heimila og 88% heimila gátu tengst interneti. Net-tengd heimili nota í langflestum tilvikum ADSL, SDSL eða annars konar xDSL tengingu, eða í 94% tilvika. Einungis 5% nettengdra heimila nota hefðbundna upphringitengingu eða ISDN.

Rúmlega 90% landsmanna á aldrinum 16–74 ára nota tölvu og internet. Ástæður netnotkunar breytast lítið milli ára og líkt og fyrri ár var miðillinn helst notaður til samskipta og upplýsingaleitar og til þess að sinna bankaviðskiptum. Árið 2008 höfðu 36% internetnotenda pantað og keypt vörur eða þjónustu um internetið á því þriggja mánaða tímabili sem spurt var um. Algengust eru kaup á farmiðum, gistingu eða annarri þjónustu tengdri ferðalögum.

Ríflega 15% þeirra sem nota internetið halda úti eigin bloggsíðu og 66% þeirra sem vafra um á internetinu fylgjast með bloggsíðum annarra.

Í heftinu er yfirlit yfir helstu niðurstöður. Ítarlegri niðurstöður má finna á heimasíðu Hagstofunnar undir efnisliðnum *Upplýsingatækni*.

Inngangur

Hlutverk svarenda Hagstofa Íslands gerði fyrir á þessu ári sjöttu rannsókn sína á notkun heimila og einstaklinga á tæknibúnaði og interneti. Líkt og í fyrri rannsóknum voru viðmælendur annars vegar spurðir um tæknibúnað á heimili og hins vegar um þeirra eigin notkun á tölvu og interneti.

Tölvur og internet á heimilum

Mikill meirihluti íslenskra heimila með tölvu og nettengingu

Tölvur eru á rúmlega níu af hverjum tíu heimilum hér á landi og 88% íslenskra heimila hafa aðgang að interneti. Algengara er að heimili með börn yngri en 16 ára hafi aðgang að tölvu og interneti en heimili þar sem allir heimilismenn eru 16 ára og eldri. Þannig höfðu 98% heimila með börn tölvu og 96% slíkra heimila voru tengd interneti árið 2008. Af barnlausum heimilum höfðu 88% tölvu og 82% möguleika á að tengjast interneti.



- 94% nettengdra heimila með xDSL tengingu* Mikill meirihluti heimila notar xDSL¹ til að tengjast interneti en árið 2008 tengdust 94% nettengdra heimila interneti um xDSL. Um 5% nettengdra heimila nota upphringimótald eða ISDN og einungis 1% nota aðra tengingu. Níu af hverjum tíu heimilum utan höfuðborgarsvæðisins eru tengd netinu með xDSL tengingum sem er ívið lægra hlutfall en á höfuðborgarsvæðinu þar sem 96% heimila eru nettengd í gegnum xDSL.
- Flestir tengjast interneti með fartölvu* Flest heimili eða 75% tengjast interneti með fartölvu. Borðtölva er notuð á 64% heimila og 13% heimila nota farsíma til að tengjast interneti. Önnur tæki til að tengjast interneti á heimilum eru sjónvarp með internetbúnaði (5%), leikjätölvur (5%) og lófatölvur (4%).

Tölvu- og internetnotkun einstaklinga

- Ríflega níu af hverjum tíu nota tölvu og internet* Í rannsókninni var m.a. spurt um notkun tölvu eða internets síðustu þrjá mánuði fyrir rannsókn og eru þeir einstaklingar sem notuðu tölvu- eða internet á því tímabili nefndir *tölvu-* og *netnotendur*. Notkun tölvu og internets er afar útbreidd meðal almennings á Íslandi. Þannig höfðu 92% aðspurðra notað tölvu og svipað hlutfall eða 91% notað internet síðustu þrjá mánuði í rannsókninni nú. Nær allir einstaklingar á aldrinum 16–44 ára nota tölvu og internet eða 97–100%. Af einstaklingum á aldrinum 45–54 ára nota 97% tölvu og 94% internet, 82% einstaklinga á aldrinum 55–64 ára nota tölvu og 79% þeirra nota internet. Minnst er um tölvu- og netnotendur í elsta aldurshópnum en 57% einstaklinga á aldrinum 65–74 ára nota tölvu og 52% þeirra notar internet. Nær enginn munur mælist milli kynja á tölvu- og internetnotkun. Þannig nota 93% karla og 92% kvenna tölvu og 92% karla og 90% kvenna nota internet.
- Allir námsmenn nota tölvu og internet* Algengara er að námsmenn og starfandi fólk noti tölvu og internet en aðrir. Þannig nota allir námsmenn tölvu og internet, af starfandi fólki nota 95% tölvu og 94% internet. Í atvinnuflokknum *Aðrir* (ellilífeyrisþegar, heimavinnandi án launaðrar vinnu, öryrkjar, bótaþegar og atvinnulausir) nota 70% tölvu og 66% eru netnotendur.
- Tölvu- og netnotkun útbreiddust meðal háskólamenntaðra* Nær allir einstaklingar með háskólapróf nota tölvu (99%) og internet (99%). Hlutfall tölvu- og internetnotenda meðal einstaklinga sem lokið hafa stúdentsprófi eða starfsnámi er einnig mjög hátt en árið 2008 notuðu 95% þeirra tölvu og 93% internet. Sama gildir um einstaklinga með stystu skólagönguna en 84% einstaklinga í þeim hópi nota tölvu og 82% eru netnotendur.
- Langflestir nota tölvu og internet daglega* Nær allir tölvunotendur nota tölvu a.m.k. einu sinni í viku og flestir nota hana á hverjum degi eða 88%. Sama gildir um netnotkun en nær allir netnotendur vafra um internetið a.m.k. einu sinni í viku og 86% nota miðilinn daglega.
- Ríflega einn af hverjum tíu tengist interneti um farsíma* Ef skoðaðir eru þeir netnotendur sem tengjast interneti utan heimilis eða vinnu þá er algengast að þeir noti til þess fartölvu með þráðlausu netkorti eða í 31% tilvika. 8% netnotenda sögðust fara á internet í gegnum farsíma um WAP eða GPRS og 3% í gegnum UMTS-farsíma (3G). Einnig tengjast 3% netnotenda internetinu með lófatölvu. Algengara er að karlar noti tæki sem gefa möguleika á að tengjast internetinu utan heimilis eða vinnu, 33% karla tengdust þannig interneti með fartölvu á móti 29% kvenna. Með farsíma um WAP eða GPRS tengjast 11% karla á móti 5%

¹ xDSL er notað sem samnefni fyrir ADSL, SDSL eða annars konar xDSL tengingar.

kvenna og 4% karla tengjast internetinu um UMTS (3G) farsíma á móti 2% kvenna. Um 4% karla og 1% kvenna tengdust internetinu með lófátölvu.

Internet helst notað til samskipta og upplýsingaleitar auk bankaviðskipta

Spurt var um hvað fólk hefði gert í eigin þágu á internetinu á síðastliðnum þremur mánuðum fyrir rannsóknina. Árið 2008, líkt og fyrri ár, er algengast að internetið sé notað til samskipta og upplýsingaleitar. Rúmlega níu af hverjum tíu netnotendum skiptust á upplýsingum í gegnum tölvupóst og 86% notuðu netið í leit að upplýsingum um vörur og þjónustu. Ríflega þrjú af hverjum fjórum netnotendum sinna bankaviðskiptum í gegnum internetið, 36% keyptu vörur eða þjónustu í gegnum netið og einn af hverjum fimm hafði notað internetið fyrir símtöl eða fjárfundi.

69% hlusta á vefútvarp eða horfa á vefsíðuvarp

Ríflega þrjú af hverjum fjórum netnotendum lásu vefútgáfur dagblaða og tímarita og 69% höfðu horft á sjónvarp eða hlustað á útvarp um internet á þriggja mánaða tímabili fyrir framkvæmd rannsóknar. Næstum fjórir af hverjum tíu netnotendum sóttu sér leiki, tónlist eða myndir af interneti og 34% hlóðu niður öðrum hugbúnaði.

Bloggsíður vinsælar

Rúmlega helmingur netnotenda notar spjallforrit (samanber MSN) og tveir af hverjum tíu taka þátt í umræðum á vefsíðum. Ríflega 15% þeirra sem nota internetið halda úti eigin bloggsíðu og 66% þeirra sem vafra um á internetinu fylgjast með bloggsíðum annarra.

64% leituðu upplýsinga á opinberum vefsíðum

64% netnotenda leituðu upplýsinga á vefsíðum opinberra aðila, 38% þeirra notuðu internet til að nálgast eyðublöð frá opinberum aðilum og síðustu þrjú mánuði fyrir rannsóknina sendu 22% netnotenda eyðublöð til opinberra aðila um internetið.¹ Tæplega helmingur netnotenda hafði notað netið við leit að upplýsingum um menntun og námsframboð á meðan 14% nýttu sér internetið til að stunda fjarnám eða taka þátt í námskeiðum.

Rafræn verslun


Einn af hverjum þremur kaupir vöru eða þjónustu um internet

Árið 2008 höfðu 32% landsmanna eða 36% netnotenda á aldrinum 16–74 ára pantað eða keypt vörur eða þjónustu um internet síðustu þrjú mánuði fyrir rannsóknina. Athygli vekur að síðustu þrjú ár hefur þetta hlutfall haldist óbreytt en á milli árána 2002 til 2006 varð töluverð aukning í verslun á internetinu en 17% af heildarmannfjölda og 22% af netnotendum áttu viðskipti á netinu árið 2002.

¹ Úthringingum lauk áður en ríkisskattstjóri opnaði fyrir vefskil skattframtals. Síðastliðin ár hefur um níu af hverjum tíu skattframtölum einstaklinga verið skilað á rafrænu formi.

Mynd 1. Kaup um internet 2002–2008

Figure 1. Percent of population placing orders online 2002–2008



Skýringar Notes: Hlutfall heildarmannfjölda. Viðmiðunartími eru þrjú mánuðir áður en rannsókn var gerð. Reference time is three months prior to each survey.

Helst að einstaklingar á aldrinum 25–54 ára kaupa um internet

Á því þriggja mánaða tímabili sem könnunin náði til var lítill munur er á verslun um internet á milli kynja. Þannig höfðu 37% karla pantað vörur eða þjónustu um netið en 35% kvenna. Fólk yngra en 55 ára er líklegra til að kaupa vörur og þjónustu um internet en þeir sem eldri eru. Þannig höfðu 40% karla og kvenna á aldrinum 25–54 ára verslað um netið á móti 24% karla og 23% kvenna á aldrinum 55–74 ára.

81% keyptu eitthvað ferðatengt

Algengast er að panta farmiða, gistingu eða aðra ferðatengda þjónustu í gegnum internetið. Árið 2008 höfðu rúmlega átta af hverjum tíu einstaklingum sem versluðu á netinu á tólf mánaða tímabili fyrir rannsóknina pantað eitthvað ferðatengt. Rúmlega helmingur hafði keypt aðgöngumiða að viðburðum, fjórir af hverjum tíu keyptu bækur, tímarit eða fjarkennslufni og 35% keyptu tónlist eða kvikmyndir um internet.

Fáir kaupa í matinn um internet

Ríflega fjórði hver pantaði föt, skó eða íþróttavörur, 16% hlutabréf eða tryggingar og 17% aðspurðra keyptu happdrætti, veðmál eða lottó um internet. Sem fyrr er sjaldgæfast að fólk kaupa mat eða hreinlætisvörur um internet en árið 2008 höfðu einungis 6% aðspurðra gert slíkt.

Gagnasöfnun og úrvinnsla

Úrtak og heimtur

Úrtakið náði til 2.100 manns. Í úrtökuramma voru einstaklingar sem við upphaf rannsóknar voru á aldrinum 16–74 ára og höfðu lögheimili á Íslandi. Heimtur voru góðar eða um 80% af hreinni úrtaksstærð (sjá töflu 1).

Tafla 1. Úrtak og heimtur 2008
Table 1. Sample size and response rate 2008

	Heimili <i>Households</i>		Einstaklingar <i>Individuals</i>	
	Fjöldi <i>Number</i>	Hlutfall <i>%</i>	Fjöldi <i>Number</i>	Hlutfall <i>%</i>
Úrtak <i>Sample</i>	2.100	100	2.100	100
Búsettir erlendis <i>Domicile abroad</i>	36	1,7	36	1,7
Hrein úrtaksstærð <i>Net sample size</i>	2.064	98,3	2.064	98,3
Hrein úrtaksstærð <i>Net sample size</i>	2.064	100	2.064	100
Svarendur <i>Respondents</i>	1.679	81,3	1.630	79,0
Neita <i>Refusals</i>	165	8,0	167	8,1
Veikir eða ófærir um að svara <i>Sick or disabled</i>	32	1,6	53	2,6
Fjarverandi eða finnast ekki <i>Away from home/no contact</i>	183	8,9	208	10,1
Aðrar ástæður <i>Others</i>	5	0,2	6	0,3

Spurningalisti og gagnaöflun

Við gerð spurningalista var stuðst við samræmdan spurningalista hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat. Niðurstöður Hagstofu Íslands eru því samanburðarhæfar við niðurstöður kannana í löndum Evrópusambandsins sem og annarra Norðurlanda. Um símakönnun var að ræða en u.þ.b. viku áður en úthringingar hófust sendi Hagstofan bréf til einstaklinga í úrtakinu þar sem tilgangur og framkvæmd rannsóknarinnar voru kynnt. Öllum var frjálst að neita þátttöku.

Útreikningar og framkvæmd

Heildarstærðir og hlutfallsskiptingar einstaklinga eru reiknaðar með því að vega hvert svar með tilliti til aldurs og kyns. Þegar heildarstærðir og hlutfallsskiptingar heimila eru reiknaðar er hvert svar vegið með fjölda heimilismanna á aldrinum 16–74 ára. Ítarlegri upplýsingar um rannsóknina má finna undir vörulýsingum á slóðinni www.hagstofa.is/upplýsingataekni.

Tekjuviðmið heimila hækkuð

Heimilistekjur eru heildartekjur allra heimilismanna á mánuði fyrir skatt í íslenskum krónum. Niðurstöður um tekjur heimilis eru birtar fyrir sex tekjubíl:

- 0–200 þúsund
- 201–400 þúsund
- 401–600 þúsund
- 601–800 þúsund
- 801–1.000 þúsund
- Meira en 1 milljón

Framsetning niðurstaðna

Niðurstöður mælinga á tæknibúnaði á heimilum eru settar fram eftir búsetu, heimilisgerð og tekjum heimilis. Niðurstöður mælinga á notkun einstaklinga á tölvum og interneti eru settar fram eftir kyni, aldri, búsetu, menntun og atvinnu. Allar niðurstöður rannsóknarinnar eru birtar í veftöflum Hagstofunnar. Slóðin á veftöflurnar er www.hagstofa.is/upplýsingataekni.

Tafla 2. Tölvur og internet á heimilum eftir búsetu, heimilisgerð og tekjum heimilis 2008Table 2. *Computers and the Internet in households by residence, type of household and household income 2008*

Hlutfall heimila <i>Percent of households</i>	Tölva <i>Computer</i>	Internet <i>Internet</i>
Alls Total	92	88
Búseta Residence		
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	92	88
Landsbyggð <i>Other regions</i>	90	87
Heimilisgerð Type of household		
Heimili án barna yngri en 16 ára <i>Households without child(ren) under 16 years</i>	86	81
Heimili með börn yngri en 16 ára <i>Households with child(ren) under 16 years</i>	98	96
Tekjur heimilis í íslenskum krónum Household income in ISK		
0–200 þúsund <i>thousand</i>	74	67
201–400 þúsund <i>thousand</i>	93	86
401–600 þúsund <i>thousand</i>	97	95
601–800 þúsund <i>thousand</i>	99	97
801–1.000 þúsund <i>thousand</i>	98	98
Meira en 1 milljón <i>Over 1 million</i>	100	100

Tafla 3. Kaup einstaklinga um internet eftir kyni, aldri, menntun og atvinnu 2008Table 3. *Individuals' Internet commerce by gender, age, education and occupation 2008*

	Hlutfall heildarmannfjölda <i>Percent of population</i>		Hlutfall netnotenda <i>Percent of Internet users</i>	
	Á sl. þremur mánuðum <i>In the last 3 months</i>	Á sl. tólf mánuðum <i>In the last 12 months</i>	Á sl. þremur mánuðum <i>In the last 3 months</i>	Á sl. tólf mánuðum <i>In the last 12 months</i>
	Allir All	32	47	36
Aldur Age				
16–24 ára <i>years</i>	31	44	31	44
25–34 ára <i>years</i>	40	58	41	60
35–44 ára <i>years</i>	40	57	41	58
45–54 ára <i>years</i>	36	52	39	55
55–64 ára <i>years</i>	20	33	25	51
65–74 ára <i>years</i>	10	14	20	27
Karlar alls Men total				
16–24 ára <i>years</i>	35	46	35	46
25–54 ára <i>years</i>	39	56	40	58
55–74 ára <i>years</i>	17	28	24	40
Konur alls Women total				
16–24 ára <i>years</i>	27	41	27	41
25–54 ára <i>years</i>	39	55	40	58
55–74 ára <i>years</i>	15	23	23	35
Menntun Education				
Skyldunám <i>Primary</i>	19	31	23	38
Stúdént eða iðnnám <i>Secondary</i>	32	46	35	50
Nám á háskólastigi <i>Tertiary</i>	50	67	50	68
Atvinna Occupation				
Námsmaður <i>Student</i>	29	44	29	44
Starfandi <i>Employed</i>	37	52	39	56
Aðrir <i>Others</i>	14	22	21	34

Tafla 4. Tegund internettengingar á heimilum eftir búsetu, heimilisgerð og tekjum heimilis 2008Table 4. *Type of Internet connection in households by residence, type of household and household income 2008*

Hlutfall nettengdra heimila <i>Percent of households with Internet access</i>	xDSL <i>ADSL or other types of xDSL</i>	Mótald eða ISDN <i>Modem or ISDN</i>	Önnur tegund <i>Other</i>
Alls Total	94	5	1
Búseta Residence			
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	96	3	1
Landsbyggð <i>Other regions</i>	90	9	1
Heimilisgerð Type of household			
Heimili án barna yngri en 16 ára <i>Households without child(ren) under 16 years</i>	93	6	1
Heimili með börn yngri en 16 ára <i>Households with child(ren) under 16 years</i>	96	3	1
Tekjur heimilis í íslenskum krónum			
Household income in ISK			
0–200 þúsund <i>thousand</i>	87	10	2
201–400 þúsund <i>thousand</i>	94	5	1
401–600 þúsund <i>thousand</i>	95	4	2
601–800 þúsund <i>thousand</i>	95	3	1
801–1.000 þúsund <i>thousand</i>	99	1	0
Meira en 1 milljón <i>Over 1 million</i>	97	1	2

Tafla 5. Tæki til að tengjast interneti á heimilum eftir búsetu, heimilisgerð og tekjum heimilis 2008Table 5. *Devices used to access the Internet by residence, type of household and household income 2008*

Hlutfall nettengdra heimila <i>Percent of households with Internet access</i>	Sjónvarp með internetbúnaði					
	Borðtölva <i>Desktop computer</i>	Fartölva <i>Laptop computer</i>	Farsími <i>Mobile phone</i>	Lófatölva <i>Palm top</i>	TV with Internet device	Leikjatölva <i>Games console</i>
Alls Total	64	75	13	4	5	5
Búseta Residence						
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	62	79	14	5	4	6
Landsbyggð <i>Other regions</i>	71	67	10	2	6	3
Heimilisgerð Type of household						
Heimili án barna yngri en 16 ára <i>Households without child(ren) under 16 years</i>	63	69	10	3	5	3
Heimili með börn yngri en 16 ára <i>Households with child(ren) under 16 years</i>	66	83	17	5	5	7
Tekjur heimilis í íslenskum krónum						
Household income in ISK						
0–200 þúsund <i>thousand</i>	54	64	7	1	3	2
201–400 þúsund <i>thousand</i>	63	67	9	2	3	5
401–600 þúsund <i>thousand</i>	67	78	13	3	5	3
601–800 þúsund <i>thousand</i>	70	85	15	4	3	8
801–1.000 þúsund <i>thousand</i>	61	91	23	13	10	7
Meira en 1 milljón <i>Over 1 million</i>	71	94	34	21	7	9

Tafla 6. Tölvu- og internetnotkun einstaklinga eftir kyni, aldri, menntun og atvinnu 2008Table 6. *Individuals' use of a computer and the Internet by gender, age, education and occupation 2008*

Hlutfall heildarmannfjölda <i>Percent of population</i>	Tölvunotkun <i>Computer use</i>			Internetnotkun <i>Internet use</i>		
	Innan við 3 mánuðir <i>Less than 3 months</i>	Milli 3 og 12 mánuðir <i>Between 3 and 12 months</i>	Meira en 12 mán. eða aldrei <i>More than 12 months or never</i>	Innan við 3 mánuðir <i>Less than 3 months</i>	Milli 3 og 12 mánuðir <i>Between 3 and 12 months</i>	Meira en 12 mán. eða aldrei <i>More than 12 months or never</i>
	Allir <i>All</i>	92	0	7	91	0
Aldur <i>Age</i>						
16–24 ára <i>years</i>	100	–	–	100	–	–
25–34 ára <i>years</i>	98	0	1	98	–	2
35–44 ára <i>years</i>	98	–	2	97	–	3
45–54 ára <i>years</i>	97	0	3	94	1	5
55–64 ára <i>years</i>	82	1	17	79	1	20
65–74 ára <i>years</i>	57	3	40	52	2	47
Karlar alls <i>Men total</i>	93	1	6	92	1	8
16–24 ára <i>years</i>	100	–	–	100	–	–
25–54 ára <i>years</i>	97	0	2	97	0	3
55–74 ára <i>years</i>	76	1	23	72	2	26
Konur alls <i>Women total</i>	92	0	8	90	0	10
16–24 ára <i>years</i>	100	–	–	100	–	–
25–54 ára <i>years</i>	98	–	2	96	0	4
55–74 ára <i>years</i>	70	2	28	66	1	33
Menntun <i>Education</i>						
Skyldunám <i>Primary</i>	84	1	15	82	1	17
Stúdent eða iðnnám <i>Secondary</i>	95	0	4	93	0	7
Nám á háskólastigi <i>Tertiary</i>	99	0	1	99	0	1
Atvinna <i>Occupation</i>						
Námsmaður <i>Student</i>	100	–	0	100	–	0
Starfandi <i>Employed</i>	95	0	4	94	0	6
Aðrir <i>Others</i>	70	1	29	66	1	33

Tafla 7. Möguleiki á tengingu við internetið utan heimils eða vinnu eftir kyni og aldri 2008Table 7. *Individuals' use of mobile devices to access the Internet by gender and age 2008*

Hlutfall netnotenda <i>Percent of Internet users</i>	Farsími um WAP eða GPRS <i>Mobile phone via WAP or GPRS</i>	Farsími um UMTS <i>Mobile phone via UMTS</i>	Lófatölva <i>Palm top/PDA</i>	Fartölva <i>Lap top</i>
Allir <i>All</i>	8	4	3	31
Karlar alls <i>Men total</i>	11	5	4	33
16–24 ára <i>years</i>	12	6	5	48
25–54 ára <i>years</i>	13	6	5	33
55–74 ára <i>years</i>	4	–	3	15
Konur alls <i>Women total</i>	5	2	1	29
16–24 ára <i>years</i>	3	6	1	47
25–54 ára <i>years</i>	6	2	2	30
55–74 ára <i>years</i>	1	1	1	7

Tafla 8 Tíðni tölvu- og internetnotkunar eftir kyni og aldri 2008Table 8. *Frequency in the use of a computer and the Internet by gender and age 2008*

Hlutfall tölvu- og internetnotenda <i>Percent of computer and Internet users</i>	Tölvunotkun <i>Computer use</i>				Internetnotkun <i>Internet use</i>			
	Daglega eða því sem næst <i>Every day or almost every day</i>	A.m.k. einu sinni í viku <i>At least once a week</i>	A.m.k. einu sinni í mánuði <i>At least once a month</i>	Sjaldnar en einu sinni í mánuði <i>Less than once a month</i>	Daglega eða því sem næst <i>Every day or almost every day</i>	A.m.k. einu sinni í viku <i>At least once a week</i>	A.m.k. einu sinni í mánuði <i>At least once a month</i>	Sjaldnar en einu sinni í mánuði <i>Less than once a month</i>
Allir <i>All</i>	88	9	2	1	86	11	2	1
Karlar alls <i>Men, total</i>	88	8	3	1	87	10	2	1
16–24 ára <i>years</i>	94	5	1	0	90	8	1	1
25–54 ára <i>years</i>	88	8	3	1	88	9	2	1
55–74 ára <i>years</i>	84	11	4	1	81	18	1	0
Konur alls <i>Women, total</i>	88	9	2	1	86	12	2	0
16–24 ára <i>years</i>	95	5	0	0	94	6	0	0
25–54 ára <i>years</i>	89	8	2	1	88	10	2	0
55–74 ára <i>years</i>	76	18	4	2	69	23	7	1

Tafla 9. Ástæður internetnotkunar einstaklinga eftir kyni og aldri 2008

Table 9. Purpose of individuals' Internet use by gender and age 2008

Hlutfall netnotenda Percent of Internet users	Samskipti Communication		Upplýsingaleit og þjónusta Information search and online services							
	Tölvu- póstur Use of e-mail	Símtöl Tele- phoning	Leita upplýsinga um vörur Spjall- rásir o.þ.h. Use of chat sites etc.	Notkun tengd ferða- mennsku Use related to travel and accommo- dation	Hlusta á útvarp/ horfa á sjónvarp Listening to web radio/ watching web television	Til að leika eða ná í leiki, tónlist eða myndir Playing or down- loading games, music or images	Hlaða niður öðrum hugbúnaði Down- loading of other software	Til að lesa eða ná í dagblöð/ tímarit Reading/ down- loading news- papers/ magazines	Leita upplýs. varðandi heilsu eða heil- brigðismál Seeking health- related informa- tion	
Allir All	91	22	56	86	69	69	37	34	77	43
Karlar alls Men total	89	24	52	87	65	73	44	45	78	34
16–24 ára years	91	24	89	85	44	75	77	63	70	26
25–54 ára years	92	26	51	91	72	74	42	46	81	39
55–74 ára years	78	18	17	73	67	62	11	22	79	25
Konur alls Women total	94	20	61	86	72	64	29	23	75	52
16–24 ára years	96	26	96	86	60	68	53	24	70	42
25–54 ára years	95	18	61	90	75	64	25	25	77	57
55–74 ára years	85	18	22	71	75	62	11	12	71	42

Skýringar Notes: Spurt var um notkun í eigin þágu á þriggja mánaða tímabili fyrir framkvæmd rannsóknar. People were asked about for which private purpose they had used the Internet in the last three months prior to the survey.

Tafla 10. Vöru- og þjónustukaup einstaklinga eftir kyni og aldri 2008

Table 10. Goods/services purchased over the Internet by individuals by gender and age 2008

Hlutfall einstaklinga sem pöntuðu eða keyptu um internet sl. 12 mánuði Percent of individuals doing Internet commerce in the last 12 months	Matvæli og hreinlætisvörur Food, groceries	Hluti til heimilisins, ekki raftæki Household goods, excl. electr. equipm.	Tónlist, kvikmyndir Music, films	Bækur, tímarit fjarkennsluefni Books, magaz., e-learning material	Föt, skór íþróttavörur Clothes, sport goods	Hugbúnaður fyrir tölvur, tölvuleikir Computer software
Allir All	6	24	35	44	28	26
Karlar alls Men total	6	22	37	41	21	37
16–24 ára years	7	18	53	32	28	46
25–54 ára years	7	25	38	44	23	35
55–74 ára years	0	13	11	40	6	35
Konur alls Women total	6	27	32	48	34	14
16–24 ára years	14	28	47	40	51	11
25–54 ára years	5	29	31	51	34	17
55–74 ára years	2	13	15	33	17	5

Fjármálaþjónusta og verslun <i>Banking and e-commerce</i>	Menntun og atvinna <i>Education and job search</i>				Samskipti við opinbera aðila <i>Interaction with public authorities</i>			
	Til að panta eða kaupa vörur eða þjónustu <i>Ordering or purchasing goods or services</i>	Leita eftir upplýsingum varðandi menntun <i>Seeking information on education or training</i>	Taka þátt í námskeiðum á internetinu <i>taking online courses</i>	Atvinnuleit/ innsending atvinnu- umsókna <i>Job search/ sending job applications</i>	Ná í uppl. á vefsíðu(m) opinberra aðila <i>Obtaining information from public authorities web site(s)</i>	Sækja eyðublöð frá opinberum aðilum <i>Down- loading official forms</i>	Senda inn eyðublöð til opinberra aðila <i>Sending filled in forms</i>	
	75	35	47	14	15	64	38	22
	72	36	40	14	14	64	39	23
	63	35	50	9	21	50	24	18
	77	40	43	17	15	70	46	26
	65	22	19	8	4	58	34	15
	77	34	53	14	16	63	36	21
	76	27	59	13	25	55	21	11
	82	40	57	16	16	71	42	23
	62	22	32	9	3	46	27	24

Vélbúnaður fyrir tölvur <i>Computer hardware</i>	Raftæki, myndavélar <i>Electronic equipments, cameras</i>	Hlutabréf, tryggingar og fleira þ.h. <i>Shares, insurance etc.</i>	Farmiðar, gisting og fleira ferðatengt <i>Travel, accommodation etc.</i>	Aðgöngu- miðar á viðburði <i>Tickets for events</i>	Happdrætti, veðmál og lottó <i>Lotteries, betting</i>	Annað <i>Other things</i>
8	15	16	81	56	17	8
13	20	21	80	55	20	8
16	28	18	65	62	21	3
13	20	21	83	57	20	9
6	11	22	87	35	17	11
3	10	10	81	58	14	8
4	12	5	70	47	11	7
3	10	11	82	61	16	8
0	7	11	93	53	11	14

English Summary

The vast majority of Icelandic households have a computer and access to the Internet. In 2008, 90% of the households had a computer and 88% of the households had access to the Internet. The xDSL Internet connection is the most common type of Internet connections within Icelandic households whereas 94% of the Internet-connected households used an xDSL connection in 2008. That year only 5% of the Internet-connected households used a dial-up telephone connection or an ISDN connection.

Use of computers and the Internet is very widespread among individuals in Iceland. In 2008, 92% of the population aged 16–74 years used a computer and 91% had used the Internet in a period of three months prior to the survey. As in previous years the Internet is mainly used for information search and communication. In 2008, 36% of internet users aged 16–74 years had ordered goods or services over the Internet during a period of three months prior to the survey. As in previous years, the most popular goods and services purchased over the Internet are related to travel and accommodation.

This issue contains an overview over the main results. More data and breakdowns can be found on Statistics Iceland's website, www.statice.is.

Hagtidindi
Statistical Series

93. árgangur nr. 48

ISSN 0019-1078

Upplýsingatækni
Information technology

2008:1

ISSN 1670-4592 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4606 (pdf)

Verð ISK 500 *Price EUR 7*

Umsjón *Supervised by* Bylgja Árnadóttir • bylgja.arnadottir@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

afgreidsla@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series